

## Skólaráðsfundur 30. janúar 2019

Fundinn sátu: Vildís Björk Bjarkadóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Þ. Sandra Magnúsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Óskar G. Björnsson, Hallfríður Sverrisdóttir (fundarritari) og Fannar Orri Pétursson 7. bekk.

Breytingar á skóladagatali kynntar. Breytt dagsetning íþróttadags vegna samræmdra prófa í 9. bekk. Aðrar breytingar varða tímasetningar á árshátíðum. Rætt um að gera skólahreysti hærra undir höfði og hafa forkeppni á íþróttadaginn. Tilhögun verður nánar rædd á fundi nemendafélags á næstunni og leitað eftir hugmyndum frá nemendum varðandi skipulag íþróttadags.

Rætt um danskennslu. Danskennarinn Sígga Soffía hefur verið í skólanum undanfarna daga með kennslu í öllum bekkjum. Hún er með aðrar áherslur en verið hafa og er þessi kennsla viðbót við hefðbundna danskennslu.

Fyrirspurn um leiktækin sem skólinn á í geymslu og ekki hafa fengist sett niður aftur. Ákveðið að setja saman ályktun frá skólaráði fyrir næsta fund vegna leiktækjanna. Hugmynd frá nemendafulltrúa um aparólu á skólalóðina, en nemendur hafa sýnt því áhuga að fá slíkt tæki.

Hugmynd kom fram um að fá Hildi Hólmfríði Pálsdóttur með forvarnarfyrirlestur í skólann fyrir nemendur og foreldra. Rætt um mætingu á almenna fræðslufundi á vegum skólans og leiðir til að fá foreldra á slíka fundi.

Næsti fundur skólaráðs er fyrirhugaður 13. febrúar.